

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Andmæli

Athugasemdir og andmæli við tillögu að rekstrarleyfi Arctic Sea Farm til fiskeldis í Dýrafirði.

Við undirrituð 50% eigendur jarðanna Núpur og Fjallaskagi í Dýrafirði og 43,75% eigendur jarðarinnar Birnustaðir í Dýrafirði, mótmælum kröftuglega fyrirhugaðri stækkun á fiskeldissvæðum úr 4.200 t í 10.000, famleiðsluaukningu um 5.800 tonn, fyrir lax undir Eyrarhlíð og Skagahlíð. Land Birnustaða og Fjallaskaga ná frá Ytri Vogakambi utan Arnarness að Þúfuskeri utanvert við Ytri Hlíðar. Þetta svæði sem úthlutað er undir Skagahlíð sýnist okkur ná inn á netlög norðan megin í Dýrafirði þar sem Arnarnesáin einnig kölluð Gerðhamraá rennur í sjó fram. Allar veiðar og atvinnustarfsemi innan netlaga sjávarjarða eru bannaðar án leyfis eiganda viðkomandi jarða. Miðað skal við fjarlægðarregluna 60 faðma eða 115 metra frá ystu skerjum á stórstraumsfjöru, samkvæmt Tilskipun um veiði á Íslandi 20. Júní 1849. Þetta þýðir að Núpur, Birnustaðir og Fjallaskagi (Skagahlíðar) eiga töluvert svæði út í fjörðinn.

Mun rýra verðmæti jarða

Við teljum einsýnt að fjölgun sjókvía í firðinum og fyrirhuguð ný eldissvæði munu rýra verðmæti jarða okkar sem og annarra jarða við Dýrafjörð. Sýnt hefur verið fram á í nýrri rannsókn sem gerð var í Skotlandi, að verðmæti fasteigna þaðan sem útsýni var yfir sjókvíaeldissvæði, er að jafnaði verulega lægra en sambærilegra eigna þar sem ekki sést til sjókvía. (Sjá The Effects of Aquaculture and Marine Conservation on Cultural Ecosystem Services: An Integrated Hedonic – Eudaemonic Approach:

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0921800918315829>)

Nógu slæmt er að hafa eldiskvíar við Gemlufall, Haukadalsbót og það sem þegar er leyfi fyrir undir Eyrarhlíð með tilheyrandi sjónmengun, hávaða (fæla v/vargfugla) og ljósmengun að nóttu til með blikkandi viðvörnarljósum á 20 kvíum. Einnig rekur úrgang og mengandi rusl meðal annars plaströr, kaðalspottar plasthylki, flotholt ofl. upp í fjöruna.

Sjókvíar spilla ásýnd og ímynd náttúrunnar

Ljóst er að ferðamannastraumur á Vestfirði er að aukast og með tilkomu Dýrafjarðargangna og bættum vegum á suðurfjörðum og Dynjandisheiði má gera ráð fyrir að straumur ferðamanna verði mun meiri í framtíðinni en áður. Einstök náttúrufergurð er í Dýrafirði og hefur hann oft verið nefndur einn fergursti fjörður Vestfjarða. Fjöllin og fjörðurinn hafa dregið að sér ferðamenn, göngugarpa og hjólreiðarfolk. Hætta er á að fjöldi eldiskvía með tilheyrandi umhverfismengun muni spilla fegurð fjarðarins, ásýnd hans og ímynd. Gera má ráð fyrir að fjörðurinn nánast lokist með minnst 80 eða 100 eldiskvíum sem ná yfir 1170 ha af hafsvæði fjarðarins þegar eldið verður full nýtt. Það er nánast galið af yfirvöldum að leyfa slíka framkvæmd eða 10.000 þús tonn af eldisfiski í firðinum með mengun og sóðaskap á við 160.000 manna byggð samkvæmt útreikningum frá norsku Umhverfisstofnunni.

Gott sölvsvæði í hættu

Sölvsvæði í Dýrafirð eru í hættu, sölin spillast af mengun frá fiskeldinu og verða óæt. Þarna þaðast þau í lúsaeitri og erfðabreyttu fóðri og jafnvel kadmíum þungmálmi sem fylgir þessu. Kadmíum hefur mælst í kröbbum kringum kvíar í Noregi. Alpha Max skordýraeitrið sem laxeldismenn eru að hella í kvíarnar og drepa laxalúsina, virðist drepa og útrýma marfló, humarlifrum, rækjulifrum samkvæmt norskri rannsókn. Eitrið dreifist í 5 til 15 km radíus í sjónum og í 30 km fjarlægð virðist það banvænt fyrir humarlifur samkvæmt þessari rannsókn. Þetta eitur drepur líka kræklingalifur, krabba, sandorm, þaraflugulifur og fleiri smádýr sem mikið er af í fjörunni og er mikilvæg fæða meðal annars fyrir fisk, æðarfugl og ýmsa vaðfugla.

Meðfram stöndum Dýrafjarðar s.s. út af Skagahlíð, Birnustöðum og Fjallaskaga eru góð fiskimið, þorskur, ýsa, hrognkelsi og koli. Þarna er líka oft mikið um smáfisk og líklega uppeldisstöðvar ýsu, þorsks og hrognkelsa. Bent hefur verið á af sjómanni sem hefur stundað veiðar þana á opinni trillu í 16 ár og um tíma á strandveiðum á 2,4 t bát og yfirleitt fengið góðan fisk, að núna sé fiskurinn sem veiðist laus í sér og fullur af ormi, linur og ekki góður til átu, hreinlega vondur. Í Dýrafirði eru reglulega stundaðar handfæraveiðar, dragnóta- og grásleppuveiðar og hefur svo verið, svo lengi sem elstu menn muna.

Eyðilagt fyrir vaxandi sporti

Út með ósi Gerðhamraár er mikil og öflug NV alda sem kemur inn fjarðarmynnið úr vestri og gerir það að einum besta og áreiðanlegasta brimbrettastað á norðanverðum Vestfjörðum samkvæmt Óliver Hilmarssyni brimbrettakappa. Eigendur Gerðhamra hafa gefið leyfi bæði vetur og sumar fyrir fjölda brimbrettafólks að stunda þetta skemmtilega sjósport beint út af Gerðhamraánni. Þarna hafa verið bæði innlendir og erlendir brimbrettakappar.

Má nefna heimsmeistara frá Ástralíu sem var gestur þarna fyrir fimm árum og fór fögrum orðum um staðinn, en hann óskaði eftir leyfi til að nefna hann við sína félagu í þessu sporti. Leyfið var fúslega veitt af hálfu eigenda Gerðhamra. Í umræðunni var áhugi að ferðast og heimsækja þennan stað í framtíðinni. Innsti hluti sjókvíanna undir Skagahlíð lokar fyrir þetta svæði og eyðileggur það fyrir þessu vaxandi sjósporti. Það er miður og fráhrindandi fyrir sjávarhengda ferðapjónustu á vestfjörðum sem þarf að sækja í sig veðrið og á undir högg að sækja. Ferðaiðnaðurinn sem skilar meiru í þjóðarbúið en fiskeldi erlendra auðhringja. Það sjá allir með samanburði fyrir og eftir COVID-19.

Miklar náttúru- og menningarminjar

Meðfram ströndum Dýrafjarðar er mikið fuglalíf, æðarfugl í hópum, mávar, skarfar, vaðfuglar, hrafn, svartfugl, stelkur, tjaldur, endur, álftir, smyrill, örn, rjúpa ofl. Áhugverðar náttúruminjar, fornar tóttir, mannvistaleyfar um sjósókn og útræði. Verbúðaminjar eru hér all víða meðfram ströndinni og geyma mikla sögu. Aðalverstöðin var á Fjallaskaga þar tengist inn spánverjavígin 1615. Einnig eru víða minjar um gömul sauða- eða geitasel.

Silungsveiði í Núpsá

Á einni viku síðastliðið sumar veiddust sex silungar í Núpsá og bendir allt þess að fjórir af þeim séu regnbogasilungar sem líklegast er að hafi sloppið úr sjókvíum í Dýrafirði. Þessi fjórir silungar voru allir með skaða á uggum og sporði. Fiskistofa hefur nú einn slíkan til skoðunar og rannsóknar og von er á niðurstöðum frá þeim fyrr en seinna. Ástæða er því til að ætla að fiskeldi í Dýrafirði ógni lífríki og silungastofni Núpsár og vert að benda á Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem m.a. er að finna grein um framandi ágengar tegundir í lífríki Íslands.

Í umræddu laxeldi er um að ræða erfðabreyttann ágengan norskan eldislax sem getur sloppið út í lífríkið. Lax sem er fóðraður með erfðabreyttu aðkeyptu fóðri og hreinsaður með hættulegu og varasömu skordýraeitri Alpha Max eða Deltamethrin. Þetta telst ekki til hollra og heilsusamlegra matvæla og hætta á að neytendur munu hafna matvælum sem framleidd eru með þessum hætti. Eiga þjóðin og náttúran að sitja uppi með þetta þegar þessu er lokið? Ljóst er að framtíð fiskeldis er á landi samanber verklag Samherja Hf. Kanada er byrjað að loka fyrir sjókvíaeldi. Það má benda á margt fleira.

Umhverfið er í fyrsta sæti

Laxeldi sem nemur 10.000 tonnum á ári í Dýrafirði er skelfileg ákvörðun og má segja að hér geti verið um dæmigert hryðjuverk gagnvart nátturu svæðisins. Að

okkar álit er um alvarleg mistök að ræða hjá þeim sem taka ákvörðun um þetta mál ef slíkt fiskeldi verður leyft.

Óskum við eftir að umhverfið verði sett í fyrsta sæti og Skipulagssofnun, Matvælastofnun, Aðalskiplag Ísafjarðar, Umhverfiráðuneytið, Sjávarútvegsráðuneytið og Umhverfisstofnun íhugi málið vel og hafi umhverfið og náttúruna í fyrsta sæti.

Þessari tillögu að rekstrarleyfi Arctic Sea Farm á sjókvíafiskeldi í Dýrafirði með viðbót fyrir 5.800 tonnum eða samtals 10.000 tonn af frjóum laxi er harðlega mótmælt með þessum skriflegu athugasemdum, útskýringum og umsögn.

8. febrúar 2021

Ásta Valdimarsdóttir
Gunnhildur Valdimarsdóttir
Rakel Valdimarsdóttir
Hólmfríður Valdimarsdóttir
Kristinn Valdimarsson
Jensína Valdimarsdóttir
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Sigríður Jónína Valdimarsdóttir
Viktoría Valdimarsdóttir

Jensína Valdimarsdóttir

ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÓGMAÐUR
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 588 7690 og 892 1529
Netfang: ottar@iec.is

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
Reykjavík

Sent á netfang:
ust@ust.is

Reykjavík, 5. febrúar 2021.

Efni: Athugasemdir í tilefni af tillögu að starfsleyfi fyrir Arctic Sea Farm hf. til sjókvíaeldis á 10.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Dýrafirði.

Athugaemdir þessar eru sendar fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi, Veiðifélags Laxár á Ásum, Atla Árdal Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þevrá í Ísafjarðardjúpi, Geiteyrar ehf. og Akurholts ehf., veiðiréttarhafa í Haffjarðará í Hnappadal, Ara P. Wendel, eiganda Kirkjubóls í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Fífustaðadalsá og Víðis Hólm Guðbjartssonar, eiganda Grænuhlíðar í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Bakkadalsá. Allir þessir aðilar mótmæla ofangreindum fyrirætlunum um risalaxeldi með frjóum norskum og kynbættum laxastofni í sjókvíum í Dýrafirði sem andstæðum lögum.

Vísað er til tillögu að starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. fyrir sjókvíaeldi í Dýrafirði að hámarki 10.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma sem auglýst var opinberlega 8. janúar sl. Í auglýsingunni kemur fram það mat Umhverfisstofnunar að mengun af völdum leyfisskyldrar starfsemi verði aðallega í formi lífræns úrgangs (bæði í föstu og uppleystu formi) sem frá eldinu muni berast í viðtakann. Að mati stofnunarinnar geti áhrif mengunarinnar verið talsvert neikvæð á eldissvæðum en afturkræf og muni því ekki hafa varanlega áhrif á ástand sjávar og botndýralíf. Eldið sé kynslóðaskipt og svæði hvíld á milli kynslóða þannig að botninn jafni sig á milli. Í starfsleyfi verði ákvæði þess efnis að stofnunin geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar og þarfnist frekari hvíldar.

Auglýsingunni fylgdu, auk tillögunnar að starfsleyfi, matsskýrsla framkvæmdaraðila, álit Skipulagsstofnunar á henni og vöktunaráætlun framkvæmdaraðila. Eftirfarandi athugasemdir taka mið af þessum gögnum. Athugasemdirnar eru settar fram í ljósi þess lagagrundvallar sem fyrirhugað starfsleyfi er reist á, þ.m.t. í ljósi ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og reglugerða settra á grundvelli þessara laga.

Með hliðsjón af framangreindum grundvelli eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við hina auglýstu tillögu að starfsleyfi:

1. Ekki verður séð að umsókn um starfsleyfi hafi fylgt auglýstri tillögu. Hlekkur í auglýsingunni vísar á vöktunarskýrslu en ekki umsókn. Á grundvelli auglýsingarinnar og fylgigagna eru því ekki forsendur fyrir almenning til að taka afstöðu til og gera athugasemdir við hvort umsókn uppfyllir kröfur 2. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og þá hvort tillagan samrýmist umsókninni. Gerðar eru athugasemdir við þessa málsmeðferð og bent á að hún er að þessu leyti ekki í nægilega góðu samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 7. gr. laganna og 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.
2. Hinni auglýstu tillögu fylgja ekki þær forsendur sem efni hennar er reist á, sbr. b-, d- og e-lið 11. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Engar forsendur eru því fyrir almenning til að taka afstöðu til og gera athugasemdir við efni tillögunnar í ljósi þessara forsenda, þ.m.t. forsenda um bestu aðgengilegu tækni og um kerfisbundið mat á umhverfisáhættu starfseminnar, sem tillögur um meðal annars viðmiðunarmörk og fyrirkomulag eftirlits kunna að vera reistar á. Þetta á einnig við um aðrar forsendur tillögunnar, þ.m.t. hvort og þá hvernig efni hennar samrýmist viðeigandi skipulagsáætlunum samkvæmt lögum nr. 123/2010 og eftir atvikum lögum nr. 88/2018.
3. Efni hinnar auglýstu tillögu er ekki í samræmi við fyrirmæli 9. gr. laga nr. 7/1998 og 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Tillagan hefur ekki að geyma þau efnislegu mörk, viðmið, kröfur, aðferðafræði og ráðstafanir er varða mengun, losun, vöktun, viðhald og eftirlit, sem þar er áskilið að fram skuli koma í starfsleyfi.
4. Efni hinnar auglýstu tillögu er ekki í samræmi við álit Skipulagsstofnunar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 og 6. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Þannig hefur tillagan meðal annars ekki að geyma efnisleg viðmið um ástand dýralífs á hafsbotni, aðferðafræði við mælingar og vöktun á því né ákvæði um þær ráðstafanir, sem gripið skuli til í tilviki fráviks frá slíkum viðmiðum, þrátt fyrir kröfu þar að lútandi í áliti Skipulagsstofnunar. Í tillögunni er látið við það sitja að kveða á um heimild Umhverfisstofnunar til að fresta útsetningu seiða að loknum 90 daga hvíldartíma bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði. Engin viðmið eru um hlutaðeigandi aðstæður eða fyrirkomulag við vöktun þeirra. Þá eru heldur engin viðmið um fuglalíf og vöktun þess svo sem áskilið er í álitinu.
5. Matsskýrsla umsækjanda er ekki fullnægjandi, sbr. 8.-10. gr. laga nr. 106/2000. Matsskýrslan hefur hvorki að geyma greiningu og samanburð valkosta né fullnægjandi rökstuðning fyrir því að engir raunhæfir valkostir komi til greina. Bent skal á í því sambandi að fjölmargir valkostir varðandi umfang lífmassa, seiðastærð, stærð og gerð sjókvía, þ.m.t. möskvastærð og gerð netapoka, staðsetningu kvía, hvíldartíma milli kynslóða, fóðrun o.s.frv. eru bersýnilega raunhæfir og geta haft verulega þýðingu fyrir umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og mat á þeim. Þá hefur matsskýrslan ekki að geyma fullnægjandi umfjöllun um umhverfisáhrif þess eina valkosta sem lagt er mat á, þ.m.t. um áhrif hans á þörungablóma, útbreiðslu sjúkdóma og laxalúsar, erfðablöndun við villta laxastofna og ásýnd, útivist og ferðaþjónustu. Bent skal á í því sambandi að mat framkvæmdaraðila og sérfróðra umsagnaraðila á þessum áhrifum er ekki á einn veg. Þá hefur framkvæmdaraðili hvorki brugðist við né svarað með fullnægjandi hætti í matsskýrslu þeim ítarlegu athugasemdum sem gerðar voru við frummatsskýrslu. Með


matsskýrslunni er þannig ekki lagður fullnægjandi grundvöllur að því starfsleyfi sem tillagan lýtur að.

6. Álit Skipulagsstofnunar er ekki fullnægjandi, sbr. 11. gr. laga nr. 106/2000. Í álitinu er ekki vikið að framangreindum annmörkum matsskýrslu. Þá er ekki fjallað með nægilega rökstuddum hætti um forsendur hennar eða gildi þeirra gagna sem hún er reist á. Í álitinu er einnig vísað til niðurstaðna burðarþolsmats án rökstuddrar umfjöllunar um forsendur þess eða þýðingu fyrir útgáfu og efni fyrirhugaðs starfsleyfis.
7. Burðarþolsmat er ekki fullnægjandi. Auk þess sem burðarþolsmat fylgdi ekki auglýstri tillögu liggur ekki fyrir að það mat hafi sætt málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Umhverfismat áætlana skal gert vegna þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim, sem marka stefnu er varða leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2006. Þar með talið eru leyfi vegna fiskeldis. Er ljóst að hér fellur undir burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar hvað varðar burðarþolsmat Dýrafjarðar til laxeldis með norskum eldislaxi í opnum sjókvíum. Lögmaeltur undanfari og grundvöllur matsskýrslu og starfsleyfis er því ekki fyrir hendi.

Samkvæmt framanröktum athugasemdum er auglýsing tillögunnar haldin annmörkum. Þá hefur leyfi í samræmi við tillöguna ekki verið undirbúið með þeim hætti sem áskilinn er samkvæmt lögum nr. 106/2000 og 105/2006 auk þess sem efni hennar er ekki í samræmi við fyrirmæli laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018. Af öllu þessu leiðir jafnframt að undirbúningur fyrirhugaðrar ákvörðunar Umhverfisstofnunar uppfyllir hvorki kröfur 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 né 9. gr. laga nr. 60/2013.

Mælt er til þess að gerðar verði breytingar á tillögunni í samræmi við ofangreindar athugasemdir að undangengnum fullnægjandi undirbúningi og hún auglýst á nýjan leik til athugasemda að svo búnu. Lögð er áhersla á að útgáfa starfsleyfis fyrir mengandi atvinnustarfsemi á grundvelli laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 er háð því að fyrir liggja fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum starfsleyfis skyldrar starfsemi, þ.m.t. mat á umhverfisáhrifum áætlana, sem útgáfa starfsleyfis byggist á, og að tryggt sé með þeim skilyrðum, sem sett eru í starfsleyfi, að dregið sé úr mengun og umhverfisáhættu af starfseminni svo sem kostur er að teknu tilliti til bestu aðgengilegu tækni. Hin auglýsta tillaga að starfsleyfi uppfyllir ekki þessi skilyrði eins og rakið er hér að framan og því ekki lagaskilyrði til útgáfu starfsleyfis henni samkvæmt.

Virðingarfyllst,
f.h. aðila að þessum athugasemdum


Óttar Yngvason

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24,

108 Reykjavík

Kópavogi 9. mars 2021

Efni: Varðar sjókvíaeldi á laxi í Dýrafirði og fyrirhugaða verulega stækkun þess, m.a. fyrir landi Arnarness í Mýrahreppi.

Í upphafi er því yfirlitshættulega skeytingarleysi harðlega mótmælt að eigendum Arnarness, skuli ekki hafa verið tilkynnt með sannanlegum hætti að áform væru uppi hjá Arctic Sea Farm um að hefja eldi á laxi í þúsundum tonna í sjókvíum á enn nýjum stað í Dýrafirði og nú skammt frá fjöruborðinu á Arnarnesi. Samkvæmt upplýsingum sem m.a. má sjá á korti á bls. 25 í matsskýrslu ASF virðist sem fyrirtækið sýni eigendum Arnarness þá „tillitssemi“ að afmarka eldissvæðið með svortum ramma sem er sagður vera í 120 metra fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði, eða 5 metra (500 sentimetra) frá netlögum Arnarness. Ber að þakka þetta „rausnarlega tillit.“

Hætt er þó við að með tilkomu þeirrar víðáttumiklu rotþróar sem mun hrannast upp á hafsbötni undir eldiskvíunum, muni möguleikar á heilsusamlegri útvist við ströndina á Arnarnesi leggjast af með öllu um ófyrirsjáanlega framtíð. Einkum þegar við bætist gerla- og lyfjamengaður sjórinn frá öllu öðru sjókvíaeldi í Dýrafirði, en svo háttar til að eldið á Arnarnesi verður síðast í röð hafstrauma sem koma inn í Dýrafjörð sunnan verðan og inn eftir honum, en leita út eftir firðinum að norðanverðu. En fátt er svo með öllu illt að eigi boði nokkuð gott. Með góðri samvinnu við ASF mætti hugsanlega stunda aflúsun þurfað manna og málleysingja á Arnarnesi, þegar stórfelldur eituhernaður, gagnvart hinn „lyfjalausu og vistvænu matvælaframleiðslu“ stendur yfir í kallfærni frá ströndinni.

En að alvori málsins. Hér stendur ekki til nein smáræðis starfsemi, heldur stórfelld útpensla í risalaxeldi með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum fyrir allri strandlengju Arnarness og víðar. Í matsskýrslu ASF frá 7. febrúar 2020 er klífað í sífellu á fegrunarorðunum, afurkræf, tímabundin, óveruleg og fleiri slíkum sem í sínu samhengi eru sett fram til að draga fjóður yfir þá miskunarlausu meðferð á náttúrunni sem þá hafði þegar átt sér stað og á bara eftir að verða alvarlegri. En það dugar skammt, því hér er ekki tjaldað til einnar nætur, heldur fjölda ára eða áratuga, nema fyrirtækið sjálf neyðist til að flýja Dýrafjörð með allt sitt hafurtask vegna mengunar.

Umhverfisstofnun hefur gefið út ítarlegan 18 blaðsíðna leiðbeiningabækling um gerð rotþróa og siturlagna við þær og styðst þar við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, en þar segir m.a.: „**Þar sem skólp hefur farið í gegnum rotþró og siturlögn með tilheyrandi malarbeði á affallsvatnið að vera laust við skaðlegar örverur.**“ Í téðum bæklingi er tilgreind sú starfsemi þar sem krafist er rotþróar, ef frárennsli á vegum sveitarfélags er ekki til staðar, samkvæmt byggingarreglugerð nr. 441/1998. Þar er talað um frístunda- og orlofshús, sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, leitarmannahús og björgunarskála. Einnig er sagt að fylgja skuli staðli EN12566 ásamt

leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins við hönnun og framleiðslu þeirra svo þær geti gegnt sínu hlutverki eins og til er ætlast. **Aldrei má leiða skólþvotn beint úr rotþró út í umhverfið, heldur skal það fara í gegnum siturlögn áður.** Farið er mjög ítarlega yfir hönnun og frágang siturlagnar. Allt er þetta gott og blessað.

Ef upplýsingar frá Umhverfisstofnun Noregs eru yfirfærðar á 10 þúsund tonna eldi ASF á laxi í Dýrafirði, jafngildir frárennsli/úrgangur frá því eldi, frárennsli frá 160 þúsund manna íbúabyggð.

(http://www.miljodirektoratet.no/no/Nyheter/Nyheter/Oldklif/2009/November_2009/Foreslar_strengere_regelverk_for_fiskeoppdrett/)

Íslenski náttúruverndarsjóðurinn - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) óskaði árið 2019 eftir upplýsingum frá Umhverfisstofnun um forsendur þess að reglugerð nr. 798/1999 og lög nr. 33/2004 sem gilda um varnir gegn mengun hafs og stranda, gildi ekki um sjókvíældi. Af svari frá Umhverfisstofnun má það helst ráða að lögum og reglugerðum hafi verið breytt til þess að samræmast markmiðum aðila sem setja laxeldi með lágmarks tilkostnaði, en hámarks hagnaði í ondvegi, en umhverfisvernd á Íslandi skör lægra. Þetta er ótrúleg og óskiljanleg undanlátssemi við atvinnurekstur sem gefur sig út fyrir að ætla að framleiða matvæli til manneldis í heilnæmu umhverfi, þegar vettvangurinn reynist síðan vera í ofsetnu yfirborði risarotþróa með ollum sínum lyfja- og eiturblandaða saur.

Meðfylgjandi grein úr Bergens Tidende seinniþartinn í janúar sl. fjallar um alvarlegar afleiðingar laxeldis í sjó. Íslendingar mættu láta orlagaríka reynslu Norðmanna af laxeldi í sjó sér að kenningu verða, þar sem hafsbotnar stórra fjarða eru lífvana og rotna. Því miður virðast margir blindast í von um skjóttekinn gróða, og það sem verra er, með fulltingi sumra skammsýnna ráðamanna í þjóðfélaginu. Umhverfiskostnaðurinn skiptir þá engu og sómakennin er líklega ekki á háu plani.

ASF bendir á í skýrslu sinni að „*ef starfsemi fiskeldis stöðvast af einhverjum orsökum*“ munu hin neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar ganga til baka. Það má vera að það gerist einhvern tímann í framtíðinni, en það er alls óvíst hversu mörg ár, áratugi eða jafnvel aldir það tekur lífríkið að jafna sig. Og hvað með þá sem neyta matvæla framleiddum í þessu lyfja- og eiturmengaða umhverfi. Tíminn einn mun leiða það í ljós. Undirritaðir vilja taka það skýrt fram að þeir eru hlynntir auknum atvinnumöguleikum og í því sambandi laxeldi ef því er að skipta, ef sú starfsemi er byggð á vistvænni meðferð á náttúrunni og virðingu fyrir nærliggjandi jarðeignum og umhverfi þeirra. Því miður er þess ekki að vænta í þessu tilfelli. Fjarri því.

Í umsógn Hafrannsóknarstofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 29. ágúst 2018, kemur fram að fjarlægðir milli kvíastæða verða langt innan þeirra viðmiðunarmarka sem reglugerð um fiskeldi kveður á um. Það geti valdið erfiðleikum, t.d. auknum sjúkdómum og lúsaútbreiðslu, en hún er einn mesti skaðvaldur við sjókvíældi og sérstaklega þegar um er að ræða slíkt risaeldi og fyrirhugað er í Dýrafirði. Þessi þéttleiki kvíastæða svo og ónógt sjávardýpi víða á eldissvæðunum leiðir til enn frekari vandamála og takmarkar nauðsynlegar tilfærslur á kvíunum þegar rotnandi úrgangur hefur hlaðist upp undir þeim frá hafsbotni. Slíkt getur leitt til vanþrifa á fiskunum og í svo stóru eldi sem um ræðir sé það álitamál hvort það býður heim hættu á skemmdum á eldisnótum þegar veður eru váland og þar með slyssasleppingum. Allar líkur eru á að aukin hættu sé

ferðum svona utarlega í firðinum fyrir opnu hafi eins og við Arnarnes sem er þekkt svæði fyrir mikla olduhæð og brim.

Þá kemur fram í umsögn Hafrannsóknarstofnunar að áætlað eldismagn í Dýrafirði verði í meira magni á flatareiningu, en í Patreksfirði og Tálknafirði og jafnvel meira en viðgengst í Harðangursfirði í Noregi, en þar er eitt mesta laxeldi í heimi stundað. Ef þetta gengur eftir, stefnir í að ASF setji heimsmet í þaueldi á laxi. Vafasamur titill það. Þaueldi er verksmiðjubúskapur í sinni verstu mynd. Óhjákvæmilegur „fylgifiskur“ þaueldisbúa ASF er notkun ýmiskonar lyfja sem blandað er í fóður auk eiturbæða til varnar laxalús. Hvort tveggja hefur ASF stundað til að hámarka afurðamagn og hagnað. ASF hefur brotið gegn starfsleyfi, t.d. með notkun ólöglegra eiturfena sem innihalda koparoxíð til litunar á eldisnótum, of miklum þéttleika á laxi í kvíum, of mikilli notkun fosfórs og vanrækslu á sjósýnatöku sem kveðið er á um í vöktunaráætlun.

Það er uggvænlegt að ASF skuli nú þegar og löngu áður en meira en tvöföldun framleiðslunnar verður að veruleika, sýna svo einbeittan brotavilja gegn skilyrtum leyfum og reglum sem fyrirtækinu eru settar. Er þetta forsmekkurinn af því sem koma skal? Og kannski með veldisaukningu? Þetta verklag er í engu samræmi við þá ásýnd sem ASF kynnir á heimasíðu sinni, en þar segir undir fallegri mynd sem er tekin innan við kvíarnar við Gemlufall og er með fallega fjallasýn í bakgrunninn út spegilsléttan Dýrafjörðinn.

„Arctic Fish is farming its first generation of Salmon in the pristine environment and conditions of the Westfjords.”

Og undir annarri mynd af kví sem speglast í haffletinum ásamt regnbogunum segir undir fyrirsógninni:

„Sustainable Salmon Farming - Arctic Fish has an integrated value chain and grows out its own Smolt in a hi-tech recirculating aquaculture system. The facility is the first of its kind in Iceland and is the hearth of the production process. The hatchery uses hydroelectricity making the facility one of the most sustainable hatcheries in the world.”

Síðan klykkir fyrirtækið út með þessum februnarorðum:

„ICELANDIC PRODUCTION – NO ANTIBIOTICS – GREEN ENERGY”

Svona nokkuð kallast grænþvottur. Dæmi

- Upplýsingum um mengun er **leynt fyrir almenningi** til þess að afurð virðist umhverfisvænni.
- Fyrirtæki **eyðir meiri tíma í að fullyrða um að það sé grænt** heldur en það eyðir í að innleiða viðskiptahætti sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.
- Aðili gerir mikið úr framlagi sínu til umhverfismála **sem er þó lítilvægt borið saman við þann skaða** sem hann veldur og er haldið leynt.
- Settar eru fram staðhæfingar um umhverfisvænleika sem eru **einfaldlega rangar**.

Miðað við framansagt sýnist vera full þorf á reglubundnum sýnatökum og ströngu eftirliti af **óháðum aðilum** er varðar fjölmarga þætti framleiðslunnar og sérstaklega

sýnatokum sem ekki virðist vera krafist, en það eru sýnatökur úr laxinum sjálfum við slátrun, m.t.t. lyfja og eitrefna, en hann er jú ætlaður til manneldis sem heilnæm matvara, og sagður vera alinn upp í einstöku og **ósnortnu** umhverfi og **engin** lyf séu notuð.

Hér virðist því farið fram í mórugu tilliti með andhverfu sannleikans að leiðarljósi og að talsvert skorti á heiðarleika og réttmæta viðskiptahætti.

Fjólmarginn fleira mætti fjalla um og gera athugasemdir við varðandi núverandi sjókvíaeldi og fyrirhugaða stækkun þess af hálfu ASF í Dýrafirði, sem stefnir í að verða hið umfangsmesta á flatareiningu í heimi, en hér skal þó látið staðar numið í bili. Farið er fram á að athugasemdir þessar verði teknar til afgreiðslu og efnislegrar meðferðar, þrátt fyrir að þeim sé skilað inn eftir að frestur til að skila þeim inn kunnur að vera útrunninn. En samkvæmt framansögðu, fréttu viðkomandi eigendur Arnarness af þessari fyrirhuguðu stóriðju fyrir tilviljun, þrátt fyrir að hún hafi verið í undirbúningi um árabíl. Er vonast til að tekið verði fullt tillit til þess.

Að lokum skal það tekið fram að undirritaðir eigendur Arnarness, áskilja sér rétt til fullra skaðabóta samkvæmt mati dómkvaddra manna, af hvers konar tjóni sem jörðin Arnarnes kann að verða fyrir á láði og legi vegna allrar starfsemi ASF hingað til og héðan í frá.

Virðingarfyllt,

Reynir Ásgeirsson, [REDACTED] Baldur Gunnarsson, [REDACTED]

Gunnarr Baldursson, [REDACTED] Júlía Leví Baldursdóttir, kt [REDACTED]

Arnbjörg Anna Guðmundsdóttir, [REDACTED] Guðný María Guðmundsdóttir, [REDACTED]

Guðjón Rúðolf Guðmundsson, [REDACTED] Guðmundur Gíls Guðmundsson, [REDACTED]

Dear to whom it may concern,

We, a group of surfers from the Westfjords are writing this email in response to the proposal for an operating license for Arctic Sea Farm hf. in Dýrafjörður. Not only will one of the proposed locations destroy a surf spot that is very dear to us, but we are also concerned that the expansion of the aquaculture in Dýrafjörður will harm the environment and have an irreversible adverse impact on the fjord's ecosystem.

After going through the Environmental Impact Assessment (EIA) it came to our attention that instead of the environment, the report and the intentions that come with it focus mainly on the economic and social advantages of the planned expansion.

Most of the measurements that the EIA draws upon were done by the Marine Research Institute in 2017. In our opinion, the measurements are obsolete and out-of-date and they don't represent an adequate image of the conditions in the fjord. Before allowing an expansion and setting the maximum carrying capacity of the fjord to 10.000 tons, we request new measurements to be taken.

In the EIA, it is stated that the aquaculture pens and the nets don't have any detrimental effect on birdlife. However, there is no indication of how this was assessed.

The report further states that the pens won't have any harmful effect on seals or whales because no interaction has been observed so far. However, with increasing aquaculture in the fjord, the chances are higher that seals get entangled in nets or that they bite through the nets which would lead to higher numbers of escapees. When we surf, we always see seals hanging out in the area of the proposed farm. What justifies saying that the new aquaculture won't have any harmful effect on seals or whales if it displaces them from their usual habitat?

In the tourism section it says that "no area will be significantly changed in image or appearance" but it was not taken into consideration that the area that is proposed for an aquaculture pen is used by surfers who travel from all over Iceland to surf the unique wave breaking there. The surfspot which is known as "Nupur" or "Secret Spot" in the surf community is the most exposed reef break to southern swells in the Westfjords. So far, the wave already brought many local as well as international surfers to the Westfjords and Dýrafjörður, it is used by students who study at the University Centre of the Westfjords and surf as their main recreational activity, and it has also been featured in several international surf movies such as "Between Fjords". Furthermore, the Folk School in Flateyri offers surf classes and the above-mentioned surf spot is vital in order to continue offering those lessons. All in all, this surf spot is very dear to our surf community. There are not many surf spots in the Westfjords which is why it is so important to protect this wave.

Farmers and locals have further reported disturbances due to blinking lights on the fish farms during dark hours. They have also observed plastic tubes and other aquaculture related equipment being dropped on the beach and discarded there for several months. This does not only harm the wildlife inside the fjord but also the ecosystem surrounding the fjord.

The report further states that since there is no registered salmon fishing in the rivers around the fjord, the effect of aquaculture is considered small. However, no registered salmon fishing doesn't mean no wild salmon in the fjord. Several studies show the detrimental effects escapees from aquaculture pens have on wild salmon populations. Minor leakage from sea cages is often difficult to notice. Especially one of the proposed locations is highly exposed to waves and current which means nets and equipment might be destroyed more often, and accident releases might occur more regularly. In 2020, a tear was discovered in one of Arctic Fish's open-sea fish farms in Dýrafjörður in the Westfjords. A notice on the company's website says the tear was only discovered during a routine inspection.

Additionally, we noticed that throughout the entire report, the EU Water Framework Directive which Iceland has to adhere to was not mentioned nor considered. Another strong weakness of the report is that it only shows again that the environment was not the priority of the assessment.

Given the lack of clarity of the EIA and due to the vagueness of the report, we are asking you kindly to comment on the above-mentioned concerns and to reassess the proposal for an operating license for Arctic Sea Farm hf. in Dýrafjörður.

In addition to the EIA, the latest surveillance report from June, 5th 2020 revealed that in 2019, Arctic Fish exceeded their allowed limit of fish (4000 tons at the time). If this happens with the maximum carrying capacity of the fjord being fully exhausted (10.000 tons), detrimental effects on the fjord's ecosystem can be foreseen. What are the planned measures to prevent this from happening?

With kindest regards,

Nicole Sühning and the Westfjord surfers

Til þeirra er málið varðar,

Ég er að skrifa ykkur til að lýsa áhyggjum mínum yfir starfsleyfi sem til stendur að veita Arctic Sea Farm, sem hyggst auka framleiðslu sína í Dýrafirði í 5.800 tonn. Eftir að hafa lesið matsskýrsluna get ég ekki annað en dregið þá ályktun að umhverfisáhrifin hafi verið vanmetin.

Nokkur atriði sem vöktu áhyggjur mínar í skýrslunni voru:

- Mælingarnar sem vitnað er til voru gerðar af Hafrannsóknastofnun árið 2017. Nú er liðið á fjórða ár síðan þá og mælingarnar, sem eru úreltar, gefa ekki fullnægjandi mynd af aðstæðum í firðinum.

- Í matsskýrslunni er sífellt tekið fram að umhverfisáhrif séu greinilega „tímabundin“ og „afturkræf“ en það er engin skynsamleg vísbending um hvernig þetta hafi verið mælt eða metið.

- Meiri áhersla er lögð á efnahagslega og félagslega þætti en umhverfisþætti (sem sést í allri matsskýrslunni). Skýrslan er með öðrum orðum fremur fjárhagsleg skýrsla en umhverfisskýrsla.

- Tekið er fram að sjókvíaelði hafi engin skaðleg áhrif á fuglalíf en þess er ekki getið hvernig sú ályktun er dregin.

- Í skýrslunni kemur fram að sjókvíaelði muni ekki hafa skaðleg áhrif á seli eða hvali vegna þess að enginn hefur komið fram hingað til, en með auknu fiskeldi í firðinum eru meiri líkur á að selir flækist í net eða bíti sér leið í gegnum netið sem leiða til hærri fjölda eldislaxa sem sleppur. Sést hefur verið að selir hanga mikið á svæðum þar sem verið er að koma nýjum sjókvíum fyrir. Hvernig er hægt að halda því fram að aukið fiskeldi muni ekki hafa skaðleg áhrif á seli eða hvali, ef það sviptir þau þeirra náttúrulegu búsvæðum þeirra? Hvaða sannanir eru fyrir þessari fullyrðingu?

- Það að skoða áhrif á ferðaþjónustu og útlit landslags virðist ekki taka með í reikninginn að svæðið er notað af fjölda brimbrettaáhugamanna sem ferðast þvert yfir landið til að leita uppi öldurnar þar. Enn fremur hafa bændur og heimamenn greint frá truflunum vegna ljósa á sjókvíunum þegar myrkur skellur á og þeir hafa einnig orðið varir við plaströrum og öðrum búnaði eða rusli sem tengist fiskeldi er losað á ströndinni án þess að neitt af því sé hreinsað upp svo mánuðum skiptir. Segja má að þetta hafi gríðarlega neikvæð áhrif á hið mikla dýralíf sem finnst við fjörðinn.

- Rökin sem hníga að því að vegna þess að engin laxveiði sé skráð í ánum í kringum fjörðinn séu áhrif fiskeldis talin lítil eru sérkennileg og standast ekki skoðun. Fjarvera skráðra laxveiða þýðir ekki að villti laxinn sem enn er að finna í firðinum muni ekki verða fyrir áhrifum af þeim fiski sem sleppur. Þegar mikið af bylgjum og straumum skapast á svæðinu er hætt við að netin í sjókvíunum og annar búnaður skemmist oftar og reglulega eigi leki sér stað. Fram skal tekið að erfitt er að greina minniháttar leka í sjókvíum (Leó Guðmundsson o.fl., 2017). Árið 2020 kom skemmd í ljós á einum af opnum laxakvíum Arctic Fish í Dýrafirði á Vestfjörðum. Í tilkynningu á vefsíðu fyrirtækisins segir að skemmdin hafi uppgötvast við hefðbundið eftirlit og sé að finna á um 20 metra dýpi.

- Vatnatilskipun ESB sem Ísland þarf að framfylgja var ekki nefnd á nafni í eitt einasta skipti í skýrslunni. Sú staðreynd styður þá fullyrðingu að umhverfið hafi ekki forgangsatriði við framkvæmd þessa mats.

Þrátt fyrir að frestur til að skila inn athugasemdum sé núna úti (hann var ígær), hvet ég ykkur því til að taka þessar athugasemdir til skoðunar og bið um endurmat á umhverfisáhrifum þessarar leyfisveitingar.

Kærri kveðju,

Dagmar Vilhjálmisdóttir,

Reykjavík, 8. febrúar 2021

Umsögn Íslenska náttúruverndarsjóðsins - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) um tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Arctic Sea Farm í Dýrafirði.

IWF leggst gegn því að Arctic Sea Farm (ASF) fái starfsleyfi fyrir auknu sjókvíaeldi í Dýrafirði og mælir með að eftirlit með starfsemi félagsins verði hert í ljósi þeirra frávika sem félagið hefur orðið uppvíst að frá núverandi starfsleyfi þess.

Sjókvíaeldi er mengandi iðnaður sem skaðar lífríkið. Fyrirtæki sem stunda þessa starfsemi eiga ekki að fá minnsta afslátt frá því að virða þau skilyrði sem þau hafa gengist undir.

Við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar (UST) hjá Arctic Sea Farm í Dýrafirði síðastliðið sumar komu í ljós þessar brotalamir í starfseminni:

- 1) Lífmassi var yfir leyfilegum mörkum. Var það í annað skipti árið 2020 sem félagið braut í þeim efnum gegn starfsleyfi. Þá kom einnig fram í eftirlitsskýrslu 2019 að stefndi í framleiðslu umfram heimild í starfsleyfi.
- 2) Í notkun voru eldisnætur litaðar með efnum sem innihalda koparoxíð, sem samkvæmt starfsleyfi er bannað að nota. „Kvíar með lituðum nótum hafa verið í notkun á eldisstaðnum við Haukadalsbót síðan seiði voru sett út í maí,“ segir í eftirlitsskýrslu UST. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvort þessar bönnuðu eldisnætur eru enn í sjó í Dýrafirði.
- 3) Hámarkslosun fosfórs var umfram mörk sem tilgreind eru í starfsleyfi.
- 4) Ekki voru tekin sjósýni til mælinga í þeim sýnatökum sem höfðu verið gerðar á árinu 2020, eins og fyrirtækinu var þó skylt að gera samkvæmt vöktunaráætlun starfsleyfisins.

(Sjá eftirlitsskýrslu merkt 5. júní 2020 á vef UST)

Á rauðu ljósi frá 2017

Í rannsókninni „Vöktun sjávarlúsa á villtum laxfiskum á Vestfjörðum 2017“ sem Margrét Thorsteinsson gerði fyrir Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að marktækt meira lúsasmit og lúsaálag var á suðursvæði Vestfjarða en norðursvæði og meira lúsasmit og lúsaálag í Dýrafirði en í öðrum fjörðum á norðursvæði Vestfjarða. Í þessum fjörðum eru einmitt laxeldisfyrirtæki með sjókvíar.

Margrét bendir á í rannsókn sinni að ef miðað væri við norska umferðarljósakerfið, sem notað er til framleiðslustýringar í sjókvíaeldi þar á landi, skapaði laxalúsaálag á árinu 2017 mikla áhættu á villta laxfiskahópa í Patreksfirði á öðru tímabilinu (60%), í Arnarfirði á fyrsta tímabilinu (53%) og í Dýrafirði (50%) og Tálknafirði (45%) á þriðja tímabilinu, sem þýðir rautt ljós fyrir svæðin á þessum tímabilum.

(Sjá https://nave.is/utgefid_efni/skra/515/)

Sjókvíaeldi í Dýrafirði var sem sagt á rauðu ljósi 2017, en þá var magn lífmassa innan við helmingur þess sem gert er ráð fyrir í þeirri tillögu UST sem er hér til umfjöllunar. Magn lúsasmits í fjörðum er beintengt fjölda fiska og þéttleika sjókvía. Með auknu eldi mun þessi vandi stigmagnast og skaða stofna villta laxfiska enn meira en núverandi eldi. Notkun aflúsunarefna mun aukast með fyrirséð slæmum afleiðingum fyrir lífríki fjardarins.

Ekkert kerfi er til staðar hér á landi til framleiðslustýringar í sjókvíaeldi sem tekur á lúsaálagi starfseminnar á villta laxfiska. Þetta er óskiljanleg yfirsjón af hálfu löggjafans en þó umfram allt ráðgefandi stofnana, þar sem Matvælastofnun (MAST) ber höfuðábyrgð, vegna skyldu sinnar um eftirlit með þessum áhættuþætti sjókvíaeldisins.

Afneitun MAST á þessari grafalvarlegu stöðu virðist rista djúpt. Rétt er að rifja enn einu sinni upp ummæli

dýralæknis fisksjúkdóma hjá MAST í erindi á málþingi Landssambands fiskeldisstöðva á Ísafirði þann 10. maí 2016, og setja bæði í samhengi við þessa rannsókn Náttúrustofu Vestfjarða og svo það sem gerðist eftir að hann lýsti þessari skoðun sinni:

„Sökum norðlægrar legu Íslands, og ekki síst þeirra svæða sem heimilt er að ala lax í sjókvíum frá 2004, á lúsín erfitt uppdráttar og getur á engan hátt orðið sambærilegt vandamál og hjá nágrennaþjóðum okkar. Meðhöndlun gegn lús hefur aldrei þurft að koma til álita í laxeldi á núverandi slóðum sjókvíaeldis.“

Ári síðar sýndi rannsókn Margrétar að sjókvíaeldi var á rauðu ljósi í Patreksfirð, í Arnarfirði, Dýrafirði og Tálknafirði. Og nú er svo komið að MAST hefur gefið út fjórtán staðbundin leyfi fyrir eitrun eða notkun lyfjafóðurs vegna lúsar í sjókvíum á Vestfjörðum, þar af fjórum sinnum í Dýrafirði, nú síðast í september 2020 við Haukadalsbót og við Gemlufall.

2017 - október SliceVet Dýrafirði

2019 - nóvember Lyfjaböðun Deltamethrin Eyrarhlíð í Dýrafirði

2020 - september SliceVet við Haukadalsbót í Dýrafirði

2020 - september SliceVet við Gemlufall í Dýrafirði.

Deltamethrin (virka innihaldsefnið í Alpha Max) er eitt mest notaða skordýraeitur í heiminum og hefur notkun þess meðal annars verið harðlega gagnrýnd í Noregi. Rannsóknir sýna að mjög lítið magn af því drepur rækju (sjá t.d. <https://www.fiskeribladet.no/nyheter/ny-forskning-slar-fast-at-lusemidler-tar-livet-av-reker/2-1-651629>) og lifu humarsins (sjá t.d. <https://www.intrafish.com/aquaculture/anti-sea-lice-drug-used-on-farmed-salmon-has-lethal-impact-on-lobster-larvae/2-1-890228>).

Hafrannsóknastofnun hefur bent á að aflúsunarefni hafi áhrif á hamskipti laxalúsa og að rannsóknir hafi sýnt fram á skaðleg áhrif efnanna á önnur krabbadýr. „Þar sem áætlað sé að kvíar séu í nálægð við rækju í Arnarfirði leggi Hafrannsóknastofnun til að bannað verði að nota aflúsunarefni í nágrenni rækjusvæða.“ (Sjá: <https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/frameidsluaukning-a-laxi-um-4.500-tonn-a-vegum-arnarlax-i-arnarfirdi>)

Hafrannsóknastofnun hefur einnig vakið athygli á því að stór hluti fóðurs endar á sjávarbotninum undir kvíunum og safnast þar upp sem og að skordýraeitrið sem notað er við böðun á lúsasmituðum laxi berst út í umhverfið.

„Lyfjafóður endar að hluta til á botninum þar sem það safnast upp (Selvik o.fl., 2002). Rannsóknir hafa sýnt að 6 – 7% af fóðri fer til spillis í norsku fiskeldi (Torrissen o.fl., 2016) og jafnvel allt að 15% (Strain og Hargrave, 2005). Auk þess botnfellur úrgangur frá fiskum sem inniheldur restar af lyfjum. Lífverur sem lifa við eða á botni á svæðinu innibyrdá efnin sem hafa fallið til. Fóðurleifar og úrgangur frá laxinum eru jafnframt étin í vatnssúlunni þegar þau falla til botns. Lyf sem notuð eru við böðun í sjókvíum fara einnig út í umhverfið að meðferð lokinni og hefur því meiri áhrif á lífverur sem eru í uppsjónum, líkt og plöntu- og dýrasvíf, heldur en lyf sem gefin eru í fóðri.“ (Sjá: <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1574852347-hv2019-56.pdf>)

Skortur á afleiðingum

Við hjá IWF höfum ítrekað vakið athygli á þeirri hættu sem stofnum villtra laxfiska stafar af lúsasmiti frá sjókvíum með eldislaxi, en líka á miklum lausatökum stjórnvalda á því hvernig sjókvíaeldisfyrirtækin upplýsa um stöðu lúsasmits í kvíunum og algjörum skorti á afleiðingum fyrir starfsleyfi þeirra þegar lúsín ógnar lífríkinu í nágrenni þessarar starfsemi. Sem dæmi má nefna að í 56. grein reglugerðar um fiskeldi (útgáfudagur 2. júní 2020) eru fyrirmæli um hvenær og hvernig MAST skal birta upplýsingar um starfsemi fiskeldisfyrirtækja. Reglugerðin var sett af ráðherra í samræmi við breytingar á lögum um fiskeldi, sem samþykktar voru á Alþingi í júní 2019 og tóku gildi 1. janúar 2020. Nú, rúmum 13 mánuðum eftir gildistöku laganna og ríflega átta mánuðum eftir að reglugerðin tók gildi hefur MAST ekki enn birt þær upplýsingar sem stofnunni ber að gera til að uppfylla lög og reglur.

Ótækt er að halda áfram útgáfu nýrra starfs- og rekstrarleyfa þegar staðan er þessi.

Vantar áhættumat vegna lúsar

Þegar lögum um fiskeldi var breytt 2019 var landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra falið að skipa nefnd til að rýna aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun notar við mat á burðarþoli og við gerð áhættumats. Í skýrslu nefndarinnar er einmitt vakin athygli á því að þrátt fyrir að lúsín sé einn mesti áhættuþáttur sjókvíaeldis

gagnvart umhverfinu „skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun.“ eins og þar segir (undirstrikun er IWF).

Nefndin var skipuð af ráðherra þann 9. mars 2020. Var Gunnar Stefánsson prófessor í tölfraði við Háskóla Íslands skipaður formaður hennar en auk hans voru í nefndinni Kevin Glover, forsvarsmáður stofnerfðafræðihóps norsku hafrannsóknastofnunarinnar og dósent við Háskólann í Bergen og Bruce McAdam sem kennir vistfræðilega líkanagerð við fiskeldisstofnun Háskólans í Stirling í Skotlandi. Nefndin skilaði skýrslu á ensku til ráðherra síðastliðið vor og ráðherra skilaði íslenskri þýðingu hennar auk viðbragða Hafrannsóknastofnunar til Alþingis í ágúst síðastliðnum.

Úr umsögn sérfræðinganna:

„Norðmenn eru stærstu framleiðendur eldislax í heimi og því má halda fram að Noregur sé það land þar sem áhættumat og mat á umhverfisáhrifum þeirrar greinar eru hvað lengst komin. Í Noregi framkvæmir norska Hafrannsóknastofnunin árleg áhættumat á fiskeldi, einkum og sér í lagi á umhverfislegri sjálfbærni fiskeldis [2-4]. Í þessu árlega áhættumati er farið yfir flest það samspil sem vitað er að eigi sér stað milli fiskeldis og umhverfisins og er þar bent á lús, sem í sumum héruðum Noregs geta leitt til dánartíðni hjá villtum laxi og sjóbirtingsseiðum umfram „bakgrunnsgildi,“ og alinn strokufisk sem blandast við annan fisk af sömu tegund, sem tvo helstu áhættuþættina. Sem stendur felst eftirlit með fiskeldi meðal annars í svonefndu „umferðarljósakerfi“ á héraðsvísu, þar sem lús er gefin til kynna með litunum grænt, gult og rautt.“

„Miðað við þessar bakgrunnsupplýsingar frá Noregi telur nefndin það athyglisvert að sem stendur skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun. Öðrum þáttum umhverfislegrar sjálfbærni sem leiddir hafa verið í ljós með skýrum hætti, ekki aðeins í Noregi, heldur einnig í öðrum fiskeldislöndum svo sem Skotlandi og Chile, svo einhver lönd séu nefnd, virðist lítil gaumur gefinn. Nefndin leggur því til að við frekari áhættumat á Íslandi verði tekið tillit til fleiri áhættuþátta en þeirra sem lagðir voru fyrir nefndina og eru metnir hér af nefndinni.“ (Sjá: <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>)

Þarna er augljóslega verið að vísa fyrst og fremst til hættunnar af fiski- og laxalús.

Mengun á við 160.000 manns

Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun Noregs má gera ráð fyrir að frárennsli (utslipp) frá hverju tonni af eldislaxi í sjókvíum sé á við skólp (avlöpsutslipp) frá 16 manns. Þetta þýðir að mengunin sem streymir út um möskva 10.000 tonna sjókvíaeldis er á við 160.000 manna íbúabyggð. (Sjá: http://www.miljodirektoratet.no/no/Nyheter/Nyheter/Old-klif/2009/November_2009/Foreslar_strengere_regelverk_for_fiskeoppdrett/) Í þessu ljósi óskaði IWF í fyrra (2019) eftir leiðsögn frá Umhverfisráðuneytinu um hvar hægt væri að sjá forsendur þess að reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004 gilda ekki um eldi í sjókvíum.

Svar barst fyrir hönd ráðuneytisins frá Stefáni Einarssyni Ph.D., sérfræðingi á skrifstofu hafs, vatns og loftslags, í tölvupósti í 2. apríl 2019. Það hljómar svo:

„Í 1. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, kemur fram að markmið þeirra sé að vernda hafið gegn mengun og athöfnum, sem geta stofnað heilbrigði manna í hættu og skaðað lifandi auðlindir og raskað lífríki og spillt umhverfi. Lögin gilda um starfsemi sem tengist atvinnurekstri sem getur haft áhrif á þessa þætti að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Lög nr. 71/2008, um fiskeldi, gilda um eldi nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gæta samræmis við framkvæmd laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði og laga nr. 58/2006 um fiskrækt. Áður en hægt að er hefja fiskeldi þarf að gera burðarþolsmat fyrir viðkomandi sjókvíaeldisvæði, tilkynna framkvæmdina til ákvörðunar um matsskyldu, samanber lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, afla rekstrarleyfis frá Matvælastofnun og starfsleyfis frá Umhverfisstofnun, samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, gilda um starfsemi, sem í þessu tilfelli er sjókvíeldi, að svo miklu leyti sem ofangreind lög gilda ekki um hlutaðaeigandi atriði.

Reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999 gildir um söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúabyggð og tiltekinni atvinnustarfsemi. Reglugerðin gildir enn fremur um atvinnurekstur hér á landi og í

mengunarlögsögunni. Skólþ er skilgreint sem húsaskólþ og iðnaðarskólþ eða blanda húsaskólþs eða iðnaðarskólþs og/eða ofanvatns. Húsaskólþ er skólþ frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannlíkamans og heimilisstarfa, en iðnaðarskólþ er annað en húsaskólþ og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar.

Fráveitur eru nýttar til flutnings og hreinsunar á skólþi áður en því er veitt út í viðtaka. Í sjókvíum lifir fiskurinn í viðtakanum (sjónum); þar er fiskurinn fóðraður og fóðurleifar og úrgangur frá fiskinum fer beint út í viðtakann. Ekki myndast því skólþ sem hægt er að safna og meðhöndla. Á mengunarvörnum vegna fiskeldis í sjókvíum er því að tekið á annan hátt, samanber ofangreind ákvæði um burðarþolsmat, mat á umhverfisáhrifum og rekstrar- og starfsleyfi.“

Viljum við hjá IWF færa þetta svar hér til bókar í ljósi þess að engin starfsemi á landi kemst upp með að senda óhreinnað skólþ frá sér beint út í umhverfið og sveitarfélög um allt land innheimta há gjöld af íbúum sínum til að standa straum af margra milljarða kostnaði við að bæta frárennismál frá byggð. Á sama tíma fá sjókvíaeldisfyrirtæki að menga firði landsins vegna þess að starfsemin fer fram „í viðtakanum“.

Vantar vernd fyrir litla villta laxastofna

Fái Arctic Sea Farm starfsleyfi fyrir aukningu á eldi á frjóum norskum eldislaxi í Dýrafirði eru yfirgnæfandi líkur á að enn muni bæta á alvarlegar afleiðingar fyrir villta laxastofna á Vestfjörðum og víðar vegna erfðablöndunar sem þeir verða fyrir frá eldinu.

Rétt er að minna á að þegar hefur verið staðfest erfðablöndun norsks eldislax sem sloppið hefur úr sjókvíum við villta laxastofna á Vestfjörðum. (Sjá: Erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna“ https://www.hafogvatn.is/static/files/Gamli_ufur/hv2017-031.pdf - Rannsókn Hafrannsóknastofnunar, 2017)

Mikilvægt er að hafa í huga að áhættan er aukin einmitt vegna þess að „eldislax sem alinn er á Íslandi er norskur að uppruna og þess vegna hugsanlega meiri ógn við innlenda stofna eftir innblöndun,“ eins og fyrrnefnd sérfræðinganefnd landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra segir í rýniskýrslu sinni á aðferðarfræði Hafrannsóknastofnunar (sjá: <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>).

Brýnt er að taka alvarlega og bregðast við ábendingum nefndarinnar um að hin völdu markgildi í áhættumati Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun „gætu verið, eða ættu e.t.v. að vera, jafnvel varfærnislegri, þar sem laxastofninn sem notaður er á Íslandi er af norskum uppruna og er þar með frábrugðinn, bæði vegna eldisáhrifanna og þróunarsögu. Nefndin leggur til að Hafrannsóknastofnun íhugi þetta atriði gaumgæfilega í framtíðarútgáfum líkansins.“

Þá bendir sérfræðinganefndin á grundvallarpunkt sem snýr að vernd lítilla villtra laxastofna og á sérstaklega við Vestfirði. Segja þeir í úttekt sinni að höfundar áhættumatsins „ættu að íhuga að nota lægri viðmiðunarmörk fyrir minni stofna en stærri stofna. Ástæða þess, eins og segir annars staðar í skýrslu okkar, er að fyrirbyggjandi vísindaleg gögn benda til þess að litlir og dreifðir stofnar séu hlutfallslega viðkvæmari fyrir innblöndun en stærri og þéttari stofnar.“

Vernd þessara litlu stofna hefur orðið illa útundan í núverandi umgjörð. Í ljósi þess skorts og vanrækslu á aðgerðum og viðurlögum vegna lúsavandans í sjókvíaeldinu leggur IWF til að Arctic Sea Farm fái ekki starfsleyfi fyrir auknu sjókvíaeldi í Dýrafirði.

IWF mælist jafnframt til að stöðvud verði öll frekari útsetning á eldislaxi í sjókvíar á landsvísu og framhaldið ekki ákveðið fyrir en:

- Áhættumat erfðablöndunar hefur verið uppfært með vernd minni stofna að leiðarljósi.
- Að þess tilbær opinber stofnun hafi gert áhættumat vegna fiski- og laxalúsar.
- Að vöktun á sleppifiski úr sjókvíum verði bætt verulega, en sérfræðinganefnd ráðherra bendir í úttekt sinni á að henni sé „ábótavant“.
- Og stjórnvöld hafi sett reglur sem verja lífríkið fyrir þeirri hættu sem lúsin og meðhöndlun við henni hefur í för með sér.

Fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund,

Jón Kaldal

Magnús Viðar Helgason [REDACTED] Gerðómrum 471 Þingeyri
Póstfang. [REDACTED]
Sími [REDACTED]

Gerðhamrar Dýrafirði 03.02.2021

Andmæli

Athugasemdir við tillogu að starfsleyfi Arctic Sea Farm til fiskeldis í Dýrafirði

Við, Magnús Viðar Helgason, ábúandi á Gerðómrum Landnúmer 140953, og Stella Hauksdóttir, eigandi jarðarinnar, mótmælum kroftuglega fyrirhugaðri stækkun á fiskeldissvæðum úr 4.200 t í 10.000 fyrir lax undir Eyrarhlíð og Skagahlíð. Framleiðsluaukningu um 5.800 tonn. Þetta svæði sem úthlutað er undir Skagahlíð sýnist okkur ná inn á netlög okkar hér norðanmegin í Dýrafirði þar sem Arnarnesáin einnig kolluð Gerðhamraá rennur í sjó fram. Land Gerðhamra nær frá Miðlendislæk að Arnarnesá um 2,5 km af strandlengjunni og svo virðist sem SE endi svæðisins komi inn á netlög og land Gerðhamra. Allar veiðar og atvinnustarfsemi innan netlaga sjávarjarða eru bannaðar án leyfis eiganda viðkomandi jarða. Miðað skal við fjarlægðarregluna 60 faðma eða 115 metra frá ystu skerjum á stórstraumsfjoru. Sjá samtök eigenda sjávarjarða. Þetta þýðir að Gerðhamrar eiga tölvert svæði út í fjorðinn.

Mun rýra verðmæti jarða

Við teljum einsýnt að fjölgun sjókvía í firðinum og fyrirhuguð ný eldissvæði mun rýra verðmæti jarðar minnar sem og annarra jarða við Dýrafjörð. Sýnt hefur verið fram á í nýrri rannsókn sem gerð var í Skotlandi, að verðmæti fasteigna þaðan sem útsýni var yfir sjókvíaeldissvæði, er að jafnaði verulega lægra en sambærilegra eigna þar sem ekki sést til sjókvía.

(Sjá The Effects of Aquaculture and Marine Conservation on Cultural Ecosystem Services: An Integrated Hedonic – Eudaemonic Approach: <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0921800918315829>)

Nógu slæmt er að hafa eldiskvíar við Gemlufall, Haukadalsbót og það sem þegar er leyfi fyrir undir Eyrarhlíð hér á mót með tilheyrandi sjónmengun, hávaða (fæla v/ vargfugla) og ljósmengun að nóttu til með blikkandi viðvornarljósum á 20 kvíum. Einnig rekur úrgang og mengandi rusl meðal annars plastror, kaðalspottar plasthyki, flotholt ofl. upp í fjoruna.

Við hefðum mótmælt og kært það ferli að leyfa eldi undir Eyrarhlíð, en sváfum á verðinum og tókum ekki eftir þeirri framkvæmd. Því miður fyrir okkur, náttúrufegurð og lífríki Dýrafjarðar.

Sjókvíar spilla ásýnd og ímynd náttúrunnar

Hér fara margir ferðamenn um eftir Ingjaldssandsveg 624 og njóta útsýnis frá Gerðhamrahrygg yfir fjorðinn og hina fogru einstæðu fjallasýn. Hér er einstok náttúrufegurð og berjaland gott. Gjarðirnar sem eru stórir klettabeltsdrangar og ganga niður fjallið Gerðhamrahorn og í sjó fram eru formfagrir og tignarlegir með mikill álfabyggð og segir í gomlum sögum að hér í þessum klettum séu yfirstétt og konungar allra Álfa og huldufólks á Vestfjörðum. (Sjá Firðir og Fólk 900 -1900 og 1900-1999 bæði bindi.)

Fjöllin hér og fjorðurinn er sérstok upplifun og minnir á svissnensku alpana. En það er að breytast. Dýrafjörðurinn er að verða þakinn eldiskvíum með tilheyrandi umhverfismengun sem spillir ásýnd og ímynd náttúrunnar. Fjorðurinn nánast lokast með minnst 80 eða 100 eldiskvíum sem ná yfir 1170 ha af hafsvæði fjarðarins þegar eldið verður full nýtt.

Það er nánast galið af yfirvöldum að leyfa slíka framkvæmd. Þetta verða 10.000 þús tonn af eldisfiski í firðinum með mengun og sóðaskap á við 160.000 manna byggð samkv. útreikningum frá norsku Umhverfisstofnunni.

Gott sölvasvæði í hættu

Ósinn frá Arnarnesá oft nefnd Gerðhamraá er gott sölvasvæði og voru mikil hlunnindi hér áður fyrr. Mjög góð sol og þari er þar að finna.

Ég, Magnús Viðar, hef notað og neytt solva mest alla ævi og hef tínt þau þarna þessi 16 ár sem ég hef verið á Gerðhomrum. Þar eru matvæli framtíðar bæði fyrir fólk og skepnur. (Sjá bókina Íslenskir matþörungur.)

Solin spillast af mengun frá fiskeldinu og verða óæt. Þarna baðast þau í lúseitri og erfðabreyttu fóðri og jafnvel Kadmíum þungmálmi sem fylgir þessu. Kadmíum hefur mælt í krobbum kringum kvíar í Noregi. Alpha Max skordýraeitrið sem laxeldismenn eru að hella í kvíarnar og drepa laxalúsina, virðist drepa og útrýma marfló, humarlifrum, rækjulifrum samkvæmt norskri rannsókn. Eitrið dreifist í 5 til 15 km radíus í sjónum og í 30 km virðist banvænt fyrir humarlifur samkvæmt þessari rannsókn. Drepur þetta eitru líka kræklingalifur, krabba, sandorminn, Paraflugulifur ofl. smádýr sem mikið er af í fjörunni og er mikilvæg fæða meðal annars fyrir fisk, æðarfugl og ýmsa vaðfugla?

Þarna eru góð fiskimið, Þorskur, einnig ýsa, hrognkelsi og koli á sand bleiðunum fyrir faman Gerðhamraá, við Arnarnes, undan Skagahlíð og út af Birnustoðum. Þarna er líka oft mikið um smáfisk og líklega uppeldisstöðvar ýsu, þorsks og hrognkelsa.

Ég hef verið á svæðinu við veiðar á opinni trillu í 16 ár og um tíma á strandveiðum á 2,4 t bát og yfirleitt fengið góðan fisk. Núna er fiskurinn sem veiðist laus í sér og fullur af ormi, linur og ekki góður til átu, hreinlega vondur. Í Dýrafirði eru reglulega stundaðar handfæraveiðar, dragnóta- og grásleppuveiðar.

Eyðilaggt fyrir vaxandi sporti

Þarna út með ósi Gerðhamraá er mikil og öflug NV alda sem kemur inn fjarðarmynnið úr vestri og gerir þetta að einum besta og áreiðanlegasta brimbrettastað á norðanverðum Vestfjörðum samkvæmt Óliver Hilmarssyni brimbrettakappa.

Ég hef gefið leyfi bæði vetur og sumar fyrir fjölda brimbrettafólks að stunda þetta skemmtilega sjósport beint út af Gerðhamraánni. Þarna hafa verið bæði innlendir og erlendir brimbrettakappar. Má nefna heimsmeistara frá Ástralíu sem var gestur þarna fyrir fimm árum og fór fogrum orðum um staðinn. Óskaði eftir leyfi að nefna hann við sína félagu í þessu sporti. Leyfið var fúslega veitt af minni hálfu. Í umræðunni var áhugi að ferðast og heimsækja þennan stað í framtíðinni.

Innsti hluti sjókvíanna undir Skagahlíð lokar fyrir þetta svæði og eyðileggur það fyrir þessu vaxandi sjósporti. Það er miður og fráhrindandi fyrir sjávar tengda ferðaþjónustu á vestfjörðum sem þarf að sækja í sig veðrið og á undir hogg að sækja. Ferðaiðnaðurinn sem skilar meiru í þjóðarþíð en fiskeldi erlendra auðhringja. Það sjá allir með samanburði fyrir og eftir Covid.

Miklar náttúru- og menningarminjar

Arnarnes fór úr ábúð 1967 og er í eigu afkomenda Guðnyjar Gísladóttur og Gísla Gílssonar. Hafa þau verið spurð út í þessar framkvæmdir. Netlog Arnarnes nær inná kvíasvæðið sýnist mér. Þar eru margir eigendur. Þeir gætu kært þessa atlogu að þeirra landi.

Hérna er mikið fuglalíf, æðarfugl í hópum, mávar, skarfar, vaðfuglar, hrafn, svartfugl, stelkur, tjaldur, endur, álftrir, smyrill, örn, rjúpa ofl. Áhugverðar náttúruminjar, fornar tóttir, mannvistaleyfar um sjósókn og útræði. Verbúðaminjar eru hér all víða meðfram ströndinni og geyma mikla sögu. Aðalverstoðin var á Fjallaskaga þar tengist inn Spánverjavígin 1615. Einnig eru víða minjar um gömul sauða- eða getasel.

Mér sýnist einnig að verið sé að brjóta nokkrar greinar náttúruverndarlaga frá 2015 eða L109/2015 með þessu strafsleyfi fyrir sjókvíældi á laxi.

Til dæmis grein um framandi ágengar tegundir í lífríki Íslands. Þarna er um að ræða kynbættan ágengan norskan eldislax sem getur og sleppur út í lífríkið. Fóðraður með erfðabreyttu aðkeyptu fóðri og hreinsaður svo með hættulegu og varasomu skordýraeitri Alpha Max eða Deltamethrin. Þetta telst ekki til hollra og heilsusamlegra matvæla að mínum skilningi. Ég myndi ekki vilja leggja mér þetta til munns. Og svo er um fjölda fólks sem ég þekki. Neytendur munu hafna þessum matvælum sem svona eru framleidd og það fyrr en varir.

Á þjóðin og náttúran að sitja uppi með þetta þegar þessu er lokið? Framtíð fiskeldis er á landi samanber verklag Samherja Hf.. Kanada, Danmörk og Svíþjóð eru byrjuð að loka fyrir sjókvíældi. Það má benda á margt fleira.

Umhverfið er í fyrsta sæti

Laxeldi á 10.000 tonnum árlega hér í Dýrafirði er skelfileg ákvorðun og má segja að hér sé dæmigert hryðjuverk gagnvart nátturu svæðisins. Að mínu áliti er um alvarleg mistök að ræða hjá þeim sem taka ákvorðun um þetta mál. Má þar nefna Skipulagsstofnun, Matvælastofnun, Aðalskiplag Ísafjarðar, Umhverfissráðuneytið, Sjávarútvegsráðuneytið og Umhverfisstofnun. Það er eins og þetta góða og vel menntaða fólk sem vinnur hjá þessum stofnunum geti ekki staðið

almennilega gegn ásókn sjókvíaeldisfyrirtækjanna og talsmonnum þeirra með strangri reglugerð og nátturuvernd sem gagnast almenningi og ferðafólki í framtíðinni.

Það þarf að draga úr þessum strandeldis-leyfisveitingum og staldra við. Hvað hofum við gert og hvernig verða afleiðingarnar fyrir lífríkið.

Ég mótmæli þessu framferði. Ég geng fjoruna eins og ég kemst, týni upp allt rusl fjórum sinnum á ári. Gef fólki leyfi til týnslu berja og fjallagrasa, einnig að tjalda endurgjaldslaust. Sýni fólki og náttúru virðingu. Enginn yfiringur hér. Óska eftir því sama frá þjóðfélaginu og stofnunum þess. Umhverfið er í fyrsta sæti.

Þessari tillogu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi Arctic Sea Farm á sjókvía fiskeldi í Dýrafirði með viðbót fyrir 5.800 tonnum eða samtals 10.000 tonn af frjóum laxi er harðlega mótmælt með þessum skriflegu athugasemdum, útskýringum og umsogn af minni hálfu og eiginkonu minnar.

Gerðhamrar eru ekki eyðibýli eins og nefnt er í matsskýrslu ASF frá 2020 heldur logbýli samkvæmt Þjóðskrá og er þar logheimili mitt.

Eignarhald á 50% af jórðinni og gamla lögbýlinu ásamt 100% í Gerðhomrum lóð 1 og 2 fastanr. 212-5753/212-5754/212-5755 og 212-5756 er skráð á Evrópu ehf. kt. 580385-0289 sem einnig er með logheimili hér á Gerðhomrum 471 Þingeyri.

Ég undirritaður er stjórnarmaður og prókúruhafi fyrir félagið sem er í eigu eiginkonu minnar Stellu Hauksdóttur framkvæmdastjóra, [REDACTED].

Virðingarfyllst : Fh. Evrópu ehf.

Magnús Viðar Helgason og Stella Hauksdóttir